

# RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS.

## 49. FUNDUR MIÐSTJÓRNAR HALDINN FÖSTUDAGINN 26 MARS 2015.

### FUNDARGERÐ.

#### Mæting:

Ómar Baldursson, Grétar Guðmundsson, Sighvatur D Sighvatz, Jón Óskar Gunnlaugsson, Þórunn S Jónsdóttir, Jón Ingi Skúlason, Eyjólfur Ólafsson, Jakob Tryggvason, Sigurjón Ingvason, Hafliði Sírvtzen, Júlía Björk Þórðardóttir, Guðrún S Bergþórsdóttir, Bára Halldórsdóttir, Eva K Benjamínsdóttir, Kristján Þórður Snæbjarnarson, Jens H Ragnarsson, Sigurður Sigurðsson, Helgi Jónsson.

Forföll: Andri Jóhannesson.

#### Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar.
  - a) Niðurstaða félagsdóms í máli RSÍ-RÚV.
2. Kjaraviðræður.
3. Þing RSÍ 2015.
  - a) Tillaga að lagabreytingum RSÍ.
  - b) Tillaga að reglugerðarbreytingum Orlofsjóðs.
  - c) Tillaga að reglugerðarbreytingum Styrktarsjóðs.
  - d) Tillaga að reglugerðarbreytingum Vinnudeilusjóðs.
  - e) Tillaga að breyttri skiptingu félagsgjalds.
4. Orlofshús.
5. Önnur mál.

#### 1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt án athugasemda.

#### Niðurstaða Félagsdóms í máli RSÍ/RUV.

Eins og kunnugt er, dæmdi Félagsdómur verkfall félagsmanna RSÍ hjá RÚV ólögmætt.

Málavextir eru þeir, að kjarasamningur aðila, sem gildir um kjör rafiðnaðarmanna hjá RÚV rann út þann 28 febrúar sl. Frá haustmánuðum 2014 hafa SA og RSÍ fh

rafiðnaðarmanna hjá RÚV átt í viðræðum vegna kröfu RSÍ um gerð sérkjarasamnings vegna félagsmanna RÚV.

Magnús Norðdalh lögfræðingur hjá ASÍ sem rak málið fyrir RSÍ kom á fundinn og fór yfir helstu niðurstöður dómsins

Þar ber hæst, að atkvæði félagsmanna þeirra aðildarféлага sem í hlut áttu, hafi verið talin sameiginlega, og þar með telst boðun verkfalls ólögætt.

Þannig fór hvorki fram atkvæðagreiðsla né talning á atkvæðum félagsmanna hvors stéttarfélags fyrir sig, heldur voru öll atkvæði félagsmanna beggja stéttarféлага greidd og talin í einu lagi.

Þá segir í dómnum að eins og atkvæðagreiðslu var háttað liggur ekki fyrir vilji félagsmanna hvors stéttarfélags um sig.

Það var því mat réttarins, að það samrýmist ekki ákvæðum 14 og 15 gr. laga nr. 80/1939

Magnús útskýrði forsendur þess að dómur féll RSÍ í óhag, og fór yfir og útskýrði hvernig hægt væri að flækja mál með lagatúlkunum.

Umræður urðu um niðurstöðuna, og hvernig hægt væri að bregðast við henni.

## 2. Kjaramál.

Það var fundur í morgun hjá sáttasemjara og reynt að þoka RÚV-málinu áfram. Að sögn formanns er örlítill von, að hægt verði að ganga frá samningi nú um helgina. Ef ekki, þá verður aftur efnt til atkvæðagreiðslu um boðun verkfalls, og verður sú atkvæðagreiðsla framkvæmd rétt.

Það er ljóst að SA hafnar alfarið gerð sérkjarasamning við RÚV, en gæti sætt sig við að hengja einhvern „kálfi“ við almenna samninginn.

Það er vilji hjá RSÍ að reyna að klára málið án mikilla átaka. Ef málið verður ekki klárað fljótlega, þá verður aftur blásið til sóknar.

Búið er að gera samning við Norðurál sem var samþykktur með 70% atkvæða. Iðnaðarmenn sem eru á þessum samningi eru mjög óánægðir með niðurstöðu hans.

Upphafshækkun launa er 6% sem fer beint inní grunninn, eins eru í honum ákvæði að hækka starfslok úr 62 ára til 67 ára aldurs. Starfsmenn fá einnig eingreiðslu uppá kr. 300.000.-

Iðnaðarmannahópurinn var ósáttur við ýmislegt annað í þessum samningi.

Unnið er að því að þoka öðrum samningum áfram, en lítið miðar í samkomulagsátt. Ljóst er, að staðan í samningamálum versnar með hverju deginum, og við erum að lenda í mjög svo erfiðri stöðu. Það er eins og allir bíði eftir öllum, og enginn er viljinn hjá SA að ganga til viðræðna að alvöru.

### 3. 18 þing RSÍ

Þingið verur haldið dagana 7-9 maí n.k.

Rúnar Bachmann formaður laganeftndar RSÍ kynnti nokkrar tillögur að lagbreytingum á reglugerðum sjóða sambandsins sem bíða samþykkis þingsins.

Tillögur til breytinga á lögum RSÍ.

Tillaga er gerð um nýr kafla um kjaramál verði í lögum sambandsins. Kaflinn verði 3 kafla og komi á eftir núverandi 15 grein. Önnur kaflanúmer og greinanúmer breytast í samræmi við það. Núverandi 10 grein verði efnislega, en nokkuð breytt, fyrsta grein kaflans og verði 15 grein.

Tillaga að kaflaheitinu er:

**„Kjaramál, vinnudeilur, samninganeftndir, og atkvæðagreiðslur“**

Tillögur til breytinga á reglugerð Orlofssjóðs eru:

Að við grein 3 bætast við 2 töluliðir sem verða nr 4 og 5 og eru svohljóðandi:

**Grein 4. „Þeir félagsmenn sem vinna á eigin vegum greiða 1% af launum til sjóðsins, en að lágmarki 1% af reiknuðu endurgjaldi eins og ríkisskattstjóri ákvarðar það hverju sinni. Þeir skulu sjálfir standa skil á gjöldum til sjóðsins“**

**Grein 5. „Löngjöld til sjóðsins endurgreiðast ekki“**

Þá verður núverandi liður 4 liður 6.

Tillögur til breytinga á reglugerð Styrktarsjóðs.

Tillaga er gerð um breytingar á 15 grein, og er hún svohljóðandi:

Gerð er tillaga um að í greina bætist tveir töluliðir sem verði númer 3 og 4 og er eftirfarandi:

**Númer 3 „Þeir félagsmenn sem vinna á eigin vegum greiða 1% af launum sínum til sjóðsins, en að lágmarki 1% af reiknuðu endurgjaldi eins og ríkisskattstjóri ákvarðar hverju sinni. Þeir skulu sjálfir standa skil á gjöldum til sjóðsins.“**

**Númer 4 „Löngjöld til sjóðsins endurgreiðast ekki“**

Þá verður núverandi liður 3 númer 5.

Tillögur til breytinga á reglugerð Vinnudeilusjóðs.

Gerð er tillaga til breytinga á 4 grein annarri málsgrein.

**„Í vinnudeilu skal miðstjórn skipa sjóðnum framkvæmdastjórn, sem starfar samkvæmt 8 grein“**

Þá er tillaga að breyttri 8 grein sem er eftirfarandi:

**„ Miðstjórn setur sjóðnum úthlutunar-og starfsreglur, þar sem geta skal meginatriða í starfi framkvæmdarstjórnar sjóðsins.**

**Framkvæmdarstjórn sjóðsins skal meta hverju sinni, hvað háa styrki skuli veita, hvenær styrkgreiðsla skuli hefjast, greiðslutímabil og önnur skilyrði. Ákvörðun um upphæð styrks er heimilt að breyta síðar, ef ástæður og nauðsyn bera til“**

Þá gerir Laga-og fjárhagsnefnd tillögum um að á árinu 2015 verði skipting 65% hlut Rafiðnaðarsambands Íslands á félagsgjaldinu þannig:

Sambandssjóður fái 44%, Styrktarsjóður 1%, Orlofsjóður 16%, Menningarsjóður 0% og Vinnudeilsjóður 4%.

Umræður urðu um hina svokölluðu kostnaðarvog, og hvort rétt væri að láta meira fé renna beint til RSÍ, og minnka hlut aðildarfélaganna, sem þýddi að sambandið tæki aftur á móti á sig meiri kostnað ss vegna trúnaðarráðstefnu og fleiri viðburða. Rætt var einnig hvort ekki væri rétt að samræma lög aðildarféлага RSÍ eins og kostur væri.

Formaður sagði, að dagskrá 18 þings RSÍ væri í mótun, eins dagskrá fyrir gesti og yrði þetta kynnt innan skamms.

#### 4. Orlofshús.

Formaður orlofsnefndar sagði að ákveðið hafi verið að hætta með húsið í Stykkishólmi, þar sem komið er annað eignarhald á húsinu. Þá eru ýmsar vangaveltur með Klapparholt hvort halda eigi áfram með það eða ekki. Á Flúðum er allt í fullum gangi, og þar verða leyfð gæludýr.

Ýmsar vangaveltur eru í gangi varðandi leigu á orlofshúsum virka daga yfir vetramánuðina. Rætt var að leigja húsin út án punkta og að lækka leiguverð.

Samþykkt var, til reynslu að lækka leiguverð um 50% og ekki yrðu dregnir frá punktar vegna leigu virka daga yfir dauðasta tímenn.

Þetta er gert m.a. til að reyna auka tekjur orlofssjóðs, eins til að fá betri nýtingu á húsunum.

#### 5. Önnur mál.

Að ósk Jóns Óskars Gunnlaugssonar var samþykkt, að framvegis skuli alltaf vera kaffi og meðlæti á fundum miðstjórnar.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl 15.25.

Fundargerð: Helgi Jónsson ritari.

